

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur nr. 1063, 22. desember 2009, með síðari breytingum.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, með áorðnum breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, notkunargjöld hitaveitu, er taki gildi 1. febrúar 2012.

Allir gjaldskrárliðir heits vatns hækka um 2%. Heimalagnir hitaveitu hækka sömuleiðis um 2%.

Notkun

	<i>Verð án vsk.</i>	<i>Verð með 7% vsk.</i>
<i>Almenn notkun</i>		
Vatnsverð	103,54 kr./m ³	110,79 kr./m ³
Fast gjald	15.053 kr./ár	16.107 kr./ár

Iðnaðarvatn

Stærri notendur þar sem heitt vatn er notað sem beinn framleiðsluþáttur, geta sótt um að kaupa vatn á 25% verði.

Annað

Grunnverð fyrir sumarhús, fjárhús, hesthús og sambærileg hús er fast gjald - minnsta notkun á heitu vatni er 350 m³/ár.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni.

Heimilt er að miða innheimtu skatts af heitu vatni við áætlaða sölu.

Fjárhæð skatts af heitu vatni skal vera 2% af smásöluverði.

Heimlögn

20 - 32 mm	221.102 kr.	236.579 kr.
40 mm	307.085 kr.	328.581 kr.
	Breyting samkvæmt kostnaði	

Iðnaðarráðuneytinu, 9. janúar 2012.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Erla Sigríður Gestsdóttir.